

Sp.

183. Breytingartillaga

[105. mál]

við till. til þál. um atkvæðagreiðslu af hálfu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Pétri Ottesen.

1. Tillögugr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir fulltrúa Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, er nú situr, að mótmæla með atkvæði sínu innlimun Grænlands í Danmörku.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um afstöðu fulltrúa Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna varðandi Grænland.